

## Samningur milli ríkissjóðs og Akureyrarkaupstaðar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga vegna hjúkrunarheimilis sveitarfélags.


Akureyrarkaupstaður, kt. 410169-6229, f.h. Öldrunarstofnunar Akureyrar (hér eftir hjúkrunarheimili), kt. 410169-6229, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands (hér eftir ríkissjóður), kt. 540269-6459, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (hér eftir LSR), kt. 711297-3919 og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (hér eftir LH), kt. 430269-4889, í samningi þessum nefndir lífeyrissjóðir, gera með sér svofelldan samning um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga vegna öldrunarþjónustu sem hjúkrunarheimilið veitir/hefur veitt og fjármögnuð er með daggjöldum úr ríkissjóði.

Samningur þessi byggir á samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016, um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga í lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélags. Þá byggir samningurinn jafnframt á tillögu að breytingu á forsendum lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila í rekstri frá 26. júní 2017 sem og ódagsettri bókun við samkomulag um skiptingu lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila.

### 1.0 Áfallnar lífeyrisskuldbindingar og sérstök iðgjöld (viðbótariðgjöld)

Samkomulag er um að áfallnar lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimilisins hjá lífeyrissjóðunum skiptist milli sveitarfélagsins og ríkissjóðs sem hér segir:

- 1.1 Ríkissjóður tekur yfir og ábyrgist 97% af áföllnum lífeyrisskuldbindingum vegna hjúkrunarheimilisins hjá lífeyrissjóðunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati 31. maí 2017, sbr. fylgiskjal 4. Sveitarfélagið greiðir lífeyrissjóðunum 3% hlutdeild sína í áföllnum lífeyrisskuldbindingum. Um greiðslu og uppgjör á hlutdeild sveitarfélags fer eins og kveðið er á um í lið 4.1.
- 1.2 Sérstökum iðgjöldum (hér eftir nefnd viðbótariðgjöld) skv. 5. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og 5. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum, sem hjúkrunarheimilið/sveitarfélagið hefur greitt af launum starfsmanna sinna til lífeyrissjóðanna, og reiknaðri ávöxtun þeirra til 31. maí 2017, skal skipt á milli sveitarfélagsins og ríkissjóðs í sömu hlutföllum og kveðið er á um í lið 1.1. Uppgjör á hlutdeild sveitarfélags fer fram eins og kveðið er á um í lið 4.1.




## 2.0 Lífeyrishækkarnir og lífeyrisgreiðslur

- 2.1 Ábyrgð á greiðslu hækkana á áður úrskurðuðum lífeyri starfsmanna hjúkrunarheimilisins, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997 og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1997, færist frá hjúkrunarheimilinu/sveitarfélaginu til ríkissjóðs 1. janúar 2016, enda hefur komið til uppgjors skv. lið 4.1.
- 2.2 Séu lífeyrishækkarnir eftir 1. janúar 2016 í vanskilum yfirtekur ríkissjóður ábyrgð á greiðslu þeirra. Ef um er að ræða eldri vanskil lífeyrishækkana hjá hjúkrunarheimilinu skulu þau gerð upp af sveitarfélaginu gagnvart lífeyrissjóðunum skv. lið 4.1. Með sama hætti skal sveitarfélagið gera upp við lífeyrissjóðina alla áfallna vexti og kostnað vegna vanskila á lífeyrishækkunum.
- 2.3 Þrátt fyrir ákvæði töluliðar 4 í tillögum að breytingu á forsendum fyrir uppgjör lífeyrisskuldbindinga (sjá fylgiskjal nr. 2), eru lífeyrisgreiðslur frá 1. janúar 2016 til 31. maí 2017 ekki inni í tölu lífeyrisskuldbindinga til uppgjors heldur koma þær sérstaklega til uppgjors skv. lið 4.1.

## 3.0 Framtíðarskuldbindingar

- 3.1 Frá og með 1. janúar 2016 mun hjúkrunarheimilið greiða iðgjald umfram lögbundið iðgjald skv. 23. gr. laga nr. 1/1997 og 7. gr. laga nr. 2/1997, með síðari breytingum, til þess að mæta framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna sinna sem aðild eiga að lífeyrissjóðunum. Iðgjaldið skal vera til fullnustu á nýjum skuldbindingum skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997 og skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1997. Með samtímagreiðslum fullnaðarlífeyrisiðgjalda ber hjúkrunarheimilið ekki frekari ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum í lífeyrissjóðunum vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem samtímagreiðslur þessar taka til, sbr. 4. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997 og 4. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1997, með síðari breytingum.
- 3.2 Iðgjald umfram hið lögbundna iðgjald skal vera 21% af þeim launaliðum sem iðgjald er reiknað af vegna starfsmanna sem eiga aðild að B-deild LSR og 25% vegna starfsmanna sem eiga aðild að LH. Heildariðgjald til samtímagreiðslu fullnaðarlífeyrisiðgjalda nemur því 33% hjá B-deild LSR og 37% hjá LH. Iðgjald þetta skal gilda til og með 31. desember 2017.
- 3.3 Vegna sameiningar B-deildar LSR og LH mun LSR gefa út nýtt fullnaðariðgjald fyrir sameinaðan sjóð sem tekur gildi frá og með 1. janúar 2018.
- 3.4 Uppgjör fullnaðariðgjalds skv. lið 3.1. og lið 3.2. gagnvart lífeyrissjóðunum skal fara fram eigi síðar en 15. desember 2017 og eftir það í samræmi við launauppgjör hvers tímabils. Fullnaðariðgjöld samkvæmt þessum lið skulu bera 6% ársvexti frá þeim tíma sem þau hefðu átt að koma til gjalda.



## 4.0 Uppgjör

- 4.1 Uppgjör milli sveitarfélags, hjúkrunarheimilis og lífeyrissjóða á hlutdeild í áföllnum lífeyrisskuldbindingum skv. lið 1.1., viðbótariðgjöldum skv. lið 1.2., lífeyrisgreiðslum skv. lið 2.3., lífeyrishækkunum skv. lið 2.2 og uppgjör á fullnaðariðgjaldi skv. lið 3.4 skal fara fram eigi síðar en 15. desember 2017.
- 4.2 Lífeyrishækkunum sem ríkissjóður yfirtekur og ábyrgist greiðslu á skv. lið 2.1. skal skuldajafnað á móti viðbótariðgjöldum sem ríkissjóður tekur yfir samkvæmt samningi þessum, sbr. lið 1.2. Viðbótariðgjöld sem ekki verður ráðstafað með þessum hætti skal fara með sem fyrirframgreiðslu ríkissjóðs á móti yfirteknum áföllnum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimilisins.
- 4.3 Geri ríkið eða eitthvert þeirra sveitarfélaga sem samið hefur um uppgjör lífeyrisskuldbindinga á grundvelli samkomulags frá 28. október 2016, sjá fylgiskjal 5, kröfu um frekari greiðslu af mótaðila samningsins, á grundvelli ákvæðis bókunar með samningi þessum, skal það leiða til endurmats á uppgjóri samnings þessa.

## 5.0 Gildistaka o.fl.

- 5.1 Samningur þessi er gerður samkvæmt heimild í tölulið 7.6 í 6. gr. fjárlaga ársins 2017.
- 5.2 Ákvæði samnings þessa um yfirtöku ríkissjóðs og ábyrgð á áföllnum lífeyrisskuldbindingum og lífeyrishækkunum hjúkrunarheimilisins skv. lið 1.1. og lið 2.1. öðlast gildi þegar uppgjör skv. lið 4.1. hefur farið fram.

Samkomulag þetta er undirritað í fjórum eintökum og heldur hver samningsaðila sínu eintaki.

Reykjavík, 26. október 2017




F.h. ríkissjóðs Íslands



F.h. sveitarfélags skv. umboði

F.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og  
Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga



F.h. hjúkrunarheimilis sveitarfélags

